

**32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi, um áritun á ríkisskulda-
bréf um rentuborganir.**

1866.

23. marz.

Eptir áskorun deildar þeirrar í fjárstjórninni, sem ríkisskulda- og eptirlaunamálin heyra undir, eruð þér, herra stiptamtmaður (amtmaður), beðnir um að minna alla sýslumenn í amti því, sem þér eruð settur yfir, — þar sem þeir notorialiter rita á óuppsegjanleg ríkisskulda-bréf um að vextir af þeim sé borgaðir — á að gæta þess, að, þó vextirnir venjulega sé borgaðir á Íslandi í júnímánaðar gjalddaga fyrir heilt ár, sé líka ritað á skulda-bréfin, að vextirnir er borga átti í desembermánaðar gjalddaga næst á undan sèu greiddir, því af flestum óuppsegjanlegum ríkisskulda-bréfum er upphaflega til ætlazt, að vextir sé greiddir bæði í desember og júní mánaðar gjalddaga. Ef að ekki væri ritað á skulda-bréfin, að vextirnir sem greiða átti í desembermánaðar gjalddaga, væru borgaðir, og þau kæmust á gang í öðrum hlutum ríkisins en á Íslandi og Færeyjum, þá kynni sá sem þú eignaðist þau að halda, að hann ætti rétt á að fá borgaða úr ríkissjóðnum vextina fyrir þá gjalddaga, sèu ekki væri kvittað fyrir á skulda-bréfin.

**33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á
Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið
1866—67.**

24. marz.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, hær með er sendur reikningur, er fjárstjórnin hefir fallizt á, um launabót eptir kornverði, sem embættismönnum og embættishjónum í suðurumdæminu á Íslandi ber samkvæmt lögum 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863 á fjárhagsárinu 1866—67, skal því við bætt sjálfum yður til vísbendingar og til þess að þér kunngjörði það öllum, sem hlut eiga að máli, að landfógetanum hefir í dag verið ritað hëðan, um að greiða upphæðir þær, sem á reikn-